

Miðvikudaginn 30. janúar 1985.

Nr. 234/1982. **Erna Guðjónsdóttir persónulega
og f.h. ófjárráða dóttur sinnar,
Önnu Herðisar Eiríksdóttur
og
Guðjón Ingi Eiríksson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Vátrygging. Slysátrygging samkv. lögum nr. 25/1977.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thorodd-
sen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvem-
ber 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga
nr. 75/1973, útgefnu 10. nóvember 1982.

Áfrýjendur krefjast þess, að stefnda verði gert að greiða áfrýjend-
um 10.660,00 krónur auk 22% ársvaxta frá 13. júní 1979 til 1. sept-
ember 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31%
ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvaxta frá þeim degi
til 1. júní 1981, 34% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags,
en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags „og málskostnað-
ar.“

Til vara krefjast þeir greiðslu á 5.420,00 krónum með 19% árs-
vöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim
degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des-
ember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35%
ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim
degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til
greiðsludags „og málskostnaðar.“

Þess er krafist í báðum tilvikum, að kveðið verði á um það í
dómi, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða
fresti, í fyrsta sinn 13. júní 1980 og síðan á sama degi árlega, svo

ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir“ felist, að um vaxtavexti sé að ræða.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Slys það, sem mál þetta er sprottið af, varð hinn 30. apríl 1979. Þá giltu ákvæði auglýsingar nr. 425/1978 um fjárhæðir váttryggingarþóta. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí sl., höfðaði Othar Örn Petersen hrl., Klapparstíg 40, Reykjavík, f.h. Ernu Guðjónsdóttur, áður til heimilis að Bakkastíg 5, Eskifirði, en nú til heimilis að Skaftahlíð 7, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. ágúst 1981, gegn Sam-ábyrgð Íslands á fiskiskipum, Lágr.úla 9, Reykjavík. Samgönguráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er stefnt til réttargæslu, en engar kröfur gerðar á hendur þeim.

Undir rekstri málsins var með samþykki lögmanns stefnda aðild stefnanda breytt þannig að börn stefnanda, Anna Herdís Eiríksdóttir og Guðjón Ingi Eiríksson, bæði til heimilis að Skaftahlíð 7, Reykjavík, gerast stefnendur með móður sinni, og eru stefnendur því nú Erna Guðjónsdóttir persónulega og fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Herdísar Eiríksdóttur, og Guðjón Ingi Eiríksson.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 10.660,00 auk 22% ársvaxta frá 13. júní 1979 til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara er krafist greiðslu á kr. 5.420,00 með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar (sic) skv. ákvörðun dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með leyfum, dags. 6. júní 1980 og 23. mars 1982, var stefnandanum Ernu Guðjónsdóttur veitt gjafsókn hér fyrir réttinum.

Við munnlegan málflutning var fyrir hönd stefnendanna Önnu Herdísar Eiríksdóttur og Guðjóns Inga Eiríkssonar gerð bein krafa um málskostnað.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda, en gerir ekki kröfu um málskostnað.

Með sakaukastefnu, þingfestri 5. mars 1982, var samgönguráðherra f.h. samgönguráðuneytisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sakaukastefnt inn í mál þetta. Með dómi, uppkveðnum 23. apríl sl., var kröfum stefnanda á hendur sakaukastefndu vísað frá dómi.

Málavextir.

Í máli þessu er deilt um fjárhæð dánarbóta til stefnenda eftir Eirík Bjarnason, eiginmann stefnandans Ernu Guðjónsdóttur og föður stefnendanna Önnu Herdísar og Guðjóns Inga, sem fórst með m.b. Hrönn SH-149, 30. apríl 1979. Áhöfn bátsins, og þar með Eiríkur Bjarnason, var tryggð skv. lögum nr. 25/1977. Samkvæmt lögum þessum skal greiða dánarbætur til nánustu vandamanna (erfingja), og var upphæðin ákveðin gkr. 2.000.000. Í lok 1. gr. laganna er svofellt ákvæði: „Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.“ Með auglýsingu nr. 425/1978, dags. 23. nóv. 1978, voru ákveðnar hækkanir miðaðar við hækkanir verkamanna kaups, og voru hækkunardagar tilteknir. Síðasti hækkunardagur skv. þessari auglýsingu var 1. sept. 1978, og var fjárhæð dánarbóta þann dag ákveðin gkr. 4.027.000. Með auglýsingu nr. 286/1979, dags. 22. júní 1979, voru ákveðnar hækkanir frá og með breytingu vikukaups eins og segir í auglýsingunni. Voru hækkunardagarnir 1. des. 1979 í gkr. 4.276.000, 1. mars 1979 í gkr. 4.569.000 og 1. júní 1979 í gkr. 5.093.000.

Með bréfi til skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu, dags. 13. júní 1979, sendi stefndi greiðslu á dánarbótum eftir Eirík Bjarnason, og var fjárhæðin miðuð við fjárhæð þá, sem ráðherra ákvað með auglýsingu nr. 425/1978, að gildi frá 1. september 1978.

Stefnendur telja fjárhæð þessa of lága og telja, að stefnda beri að greiða þá fjárhæð, sem samkvæmt auglýsingu nr. 286/1979 gildi á greiðsludegi bótanna, og er aðalkrafa stefnenda við það miðuð. Til vara krefjast stefn-

endur þess, að stefndi greiði þá fjárhæð sem í gildi var samkvæmt sömu auglýsingu á slysdegi.

Málsástæður.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ljóst sé, að með lögum nr. 108/1972 hafi verið stefnt að því að tryggja hag sjómanna og fjölskyldna þeirra. Ef ekki hefði komið til mikil verðbólga, hefði verið óþarft að breyta bráðabirgðaákvæði laga nr. 108/1972, en sökum óðaverðbólgu hafi lög nr. 25/1977 verið sett. Eitt aðalefni laganna sé, að hækka skyldi bæturnar miðað við hækkanir á verkamannakaupi á hverjum tíma. Löggjafinn hafi haft í huga að tryggja eins og kostur var verðgildi þeirra dánarbóta, sem hann ákvað með lögum nr. 25/1977. Þetta komi bersýnilega fram í lögnum. Þetta sé enn skýrara með hliðsjón af þeim bráðabirgðaákvæðum, sem giltu áður skv. lögum nr. 108/1972, sbr. lög nr. 66/1963. Hver og einn geti reiknað hækkanir bóta. En það sé ljóst, að í því talnaflóði, sem hér er, hafi verið ákveðið, að ráðherra birti þær tölur, sem giltu á hverjum tíma. Auglýsing ráðherra sé því nánast eingöngu til þess, að allir aðiljar hafi fjárhæðir til að miða við og að ekki sé deilt um útreikningsaðferðir. Löggjafinn hafi verið búinn að ákveða, með hvaða hætti bætur hækkuðu, en auglýsing ráðherra hafi einungis verið staðfesting þar á, þ.e. krónutölu. Í lögum nr. 25/1977 sé sú verklagsregla lögð á ráðherra að ákvarða fjárhæðir innan sex mánaða frá breytingu. Þarna sé ljóst, að tvær breytingar geti hafa átt sér stað, án þess að ráðherra hafi ákvarðað bætur. Þetta sé enn ein staðfestingin á því, að hækkanir skuli gilda frá kauphækkunardögum, en ekki frá auglýsingu ráðherra. Það komi skýrt fram í þessari reglu, að ef birting auglýsingar hefði átt að gilda sem hækkunardagur, hefðu reglurnar verið aðrar um auglýsinguna, þ.e. skylt hefði verið að birta hækkun strax.

Í váttryggingarskírteini, dskj. 3, sé fjárhæðar ekki getið, heldur vísað til laganna og sé þetta enn ein vísbending um það, að váttryggjandi hafi gengið að því sem vísu, að bætur breyttust á tímabilinu, og hafi fjárhæðir þess vegna getað breyst til lækkunar. Þegar á allt sé litið, verði ekki annað séð en löggjafinn hafi þegar við setningu laga nr. 25/1977 ákveðið hækkun bóta, en auglýsing ráðherra aðeins verið staðfesting á fjárhæðum. Auglýsingin hafi ekki gilt afturvirk, þar sem lög in hafi þegar verið búin að ákvarða bætur, þó fjárhæð væri ekki tilgreind, þar sem slíkt hafi verið ómögulegt. Jafnframt er því haldið fram, að hægt sé að ákveða fjárhæðir afturvirk í auglýsingu og þá sérstaklega með tilliti til þess, að lög in hafi ákveðið, að bætur skuli breytast á ákveðnum tímum, og váttryggjandi hafi þekkt þessi lög, sbr. dskj. 3.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnda hafi aðeins borið að greiða þá dánarbótafjárhæð, sem í gildi var á slysdegi 30. apríl 1979, skv.

þeirri auglýsingu, sem síðast hafði birst um þetta efni, þ.e. auglýsingu nr. 425/1978, gkr. 4.027.000. Síðar birtar auglýsingar breyti hér engu. Þessa fjárhæð hafi stefndi greitt til skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu og hafi þar með fullnægt skyldu sinni til greiðslu dánarbótanna. Sérstaklega er mótmælt aðalkröfu stefnanda um fjárhæð, sem skv. auglýsingu nr. 286/1979 miðaðist við hækkun vikukaups 1. júní 1979.

Nýmælið, sem lögfest var með lögum nr. 25/1977, hafi verið, að í stað þess, að þær bótafjárhæðir, sem váttrygging útgerðarmanns yrði að miðast við, væru fastákveðnar í lögum og héldust óbreyttar óháð verðlagsþróun, nema lagabreyting kæmi til, þá hafi ráðherra verið gert að endurskoða þessar fjárhæðir til hækkunar eða lækkunar, ef breytingar yrðu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Skyldi ráðherra gera þetta innan sex mánaða. Þrátt fyrir þessa embættisskyldu ráðherra verði breytingar ekki sjálfkrafa, heldur þurfi ákvörðun og auglýsing ráðherra til að koma. Eftir hverja slíka breytingu liggi fyrir ný bótamörk, sem trygging útgerðarmanns verði að ná, til þess að hann sé undanþeginn frekari ábyrgð skv. 2. mgr. 205. gr. siglingalaga. Fyrir því skorti alla stoð í nefndum lagagreinum, enda í ósamræmi við meginreglur laga, að auglýsing ráðherra um breytingu á bótafjárhæðum hafi afturvirk áhrif. Slík auglýsing sé eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst tilkynning til útgerðarmanna um, að þeir verði að breyta keyptri tryggingu sinni, vilji þeir vera undanþegnir frekari ábyrgð. Teldist það óeðlilegt og óviðunandi með öllu, ef útgerðarmenn þyrftu að sæta því, að ráðherra gæti með auglýsingu hækkað mörk lágmarks bótafjárhæða aftur í tímann með þeim afleiðingum, að þeir yrðu sjálfir að greiða mun á áður auglýstum bótum og eftirá auglýstum bótum, því eigi sé unnt í löggjöf að gefa sér, að menn geti tryggt sig fyrir slíkum óvissum breytingum. Váttryggjandi taki að sér að greiða tilteknar bætur, sem skv. váttryggingarskilmálum kunni að vera samið um, að muni hækka í samræmi við lög nr. 25/1977, þ.e. skv. sérstakri auglýsingu ráðherrans. Það styðjist hvorki við nefnd lög, meginreglur laga né váttryggingarskilmála í því tilfalli, sem hér sé til umræðu, að breytingar bótafjárhæðar skuli gilda aftur í tímann. Af samanburði við lög þau, sem lög nr. 25/1977 leystu af hólmi, sé og sýnt, að markmið laganna hafi fyrst og fremst verið að tryggja það, að bótafjárhæðir yrðu reglulega færðar til samræmis við breytingar á kauplagi, án þess að til þyrfti lagabreytingu. Í lögum nr. 25/1977 segi hins vegar hvergi, að auglýstar breytingar skuli gilda frá sama degi og kaupbreytingar áttu sér stað og verði ekki talið, að þær öðlist gildi fyrir en frá og með birtingardegi auglýsingar.

Álit dómsins.

Aðild stefnanda að bótum skv. dskj. 3 er viðurkennd.

Þrátt fyrir tilgang laga nr. 25/1977 verður síðasta málsgrein 1. gr. laganna ekki túlkuð á þann veg, að bótafjárhæðir laganna breytist sjálfkrafa við breytingu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, heldur er það ráðherra, sem skal breyta bótafjárhæðum. Þrátt fyrir skýlaus fyrirsmáli laganna um, að bótafjárhæðum skuli breytt innan sex mánaða, hafði ráðherra ekki breytt upphæðum dánarbóta frá því, sem greindi í auglýsingu nr. 424/1978, þegar stefndi greiddi dánarbætur eftir Eirík Bjarnason 13. júní 1979. Var stefnda því rétt að greiða þá fjárhæð, sem hann greiddi, þ.e. fjárhæðina sem í auglýsingu nr. 424/1978 greindi, að gilti frá 1. september 1978. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að með auglýsingu nr. 286/1979, dags. 22. júní 1979, ákvað ráðherra breytingar á fjárhæðum dánarbótanna frá og með 1. des. 1978, 1. mars 1979 og 1. júní 1979, og í auglýsingunni segir, að fjárhæðirnar séu framfærðar frá og með breytingu vikukaups, þegar af þeirri ástæðu, að skv. 7. gr. laga nr. 64/1943 verður óbirtum fyrirsmælum ekki beitt.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu. Þar sem stefndi hefur ekki krafist málskostnaðar, skulu aðiljar bera hver sinn kostnað af málinu.

Stefnandinn Erna Guðjónsdóttir hefur gjafsókn í máli þessu, og greiðir ríkissjóður því kostnað hennar af málinu, þar með talin málssóknarlaun lögmanns hennar, Othars Arnar Petersen hrl., sem teljast hæfileg kr. 5.750,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samabyrgð Íslands á fiskiskipum, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ernu Guðjónsdóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, Önnu Herdísar Eiríksdóttur, og Guðjóns Inga Eiríkssonar. Hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Málskostnaður stefnandans Ernu Guðjónsdóttur, þar með talin málssóknarlaun lögmanns hennar, Othars Arnar Petersen hrl., kr. 5.750,00, greiðist úr ríkissjóði.